

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ólöf Sunna Jónsdóttir <olof.sunna.jonsdottir@umhverfisstofnun.is>
Sent: fimmtudagur, 15. júní 2023 15:38
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Refasamningur
Attachments: Refasamningur_Flóahreppur_2023_2025.docx; Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2023_2025.pdf

Góðan dag,

Meðfylgjandi er samningur um refaveiðar vegna endurgreiðslna ríkissjóðs vegna refaveiða sveitarfélaga, sbr. 10. og 11. gr. reglugerðar um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, fyrir árin 2023-2025. Þá má í viðhengi finna áætlun Umhverfisstofnunar um refaveiðar fyrir árin 2023-2025.

Ef engar athugasemdir eru við samninginn sendum við hann svo í kjölfarið til rafrænnar undirritunar.

Bestu kveðjur, Best regards

Ólöf Sunna Jónsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið efna, starfsleyfa og veiðistjórnunar, Department of Chemicals, Permits and Wildlife Management



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

SAMNINGUR UM REFAVEIÐAR

Neðangreindir aðilar hafa gert með sér eftirfarandi samning um refaveiðar, hér eftir „samningurinn“.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, Suðurlandsbraut 24, 105 Reykjavík og Flóahreppur, 600606-1310, Þingborg, 801 Selfoss, hér eftir „sveitarfélagið“.

1. Markmið samnings

- 1.1. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum sem og að skapa fyrirsjáanleika varðandi endurgreiðslur ríkissjóðs vegna refaveiða sveitarfélaga.

2. Hlutverk sveitarfélagsins

- 2.1. Hlutverk sveitarfélagsins er að:
- Ráða kunnáttumann/menn til veiðanna.
 - Safna saman upplýsingum frá veiðimönnum sbr. 8. gr. og koma þeim til Umhverfisstofnunar eftir því sem getið er í samningnum.
 - Senda árlega uppgjör og veiðiskýrslur til Umhverfisstofnunar, ásamt gögnum sem talin eru upp í 7. gr. þessa samnings, fyrir 15. október ár hvert. Á reikningi skal koma fram fjöldi unninna dýra. Reikningur skal samræmast reglum ríkisskattstjóra. Umhverfisstofnun getur lagt til sérstakar reikningsbækur til sveitarfélagsins.
 - Halda grenjaskrá sbr. 6. gr.

3. Samningsgögn

- 3.1. Eftirtalin samningsgögn eru hluti af samningnum.
- Áætlun sveitarfélagsins um refaveiðar árin 2023, 2024 og 2025.
 - Yfirlit Umhverfisstofnunar um endurgreiðsluhlutföll sveitarfélaga og eftir atvikum endurskoðuð yfirlit um endurgreiðsluhlutföll sveitarfélaga.

4. Verkáætlun

- 4.1. Sveitarfélagið skal vinna í samræmi við framlagða áætlun sveitarfélagsins um refaveiðar sem er hluti af samning þessum sbr. 1. mgr. 3. gr.

5. Samningsfjárhæð og greiðslutilhögun

- 5.1. Samningsfjárhæð getur aldrei numið hærrí fjárhæð en endurgreiðsluhlutfall sveitarfélagsins, sbr. b. liður 1. mgr. 3. gr., af þeirri fjárhæð sem sveitarfélagið áætlað að verði varið í refaveiðar í áætlun sinni sbr. a. liður 1. mgr. 3. gr.
- 5.2. Verji sveitarfélagið lægri fjárhæð í refaveiðar en áætlað var í áætlun sveitarfélagsins sbr. a. liður 1. mgr. 3. gr. skal endurgreiðsluhlutfallið miðast við þá fjárhæð sem raunverulega var varið í refaveiðar og fram kemur í innsendum reikningum.
- 5.3. Umhverfisstofnun greiðir hlutfall af kostnaði sveitarfélagsins miðað við framlagða reikninga. Samningsfjárhæð samningsins er að hámarki:
- kr. **50.000**, - fyrir árið 2023 sem greiddar verða til sveitarfélagsins 15. desember sama ár, enda hafi sveitarfélagið skilað tilskildum gögnum í samræmi við 8. gr. samningsins, fyrir 15. október 2023.
 - kr. **50.000**, - fyrir árið 2024, sbr. þó 10. gr., sem greiddar verða til sveitarfélagsins 15. desember sama ár, enda hafi sveitarfélagið skilað tilskildum gögnum í samræmi við 8. gr. samningsins, fyrir 15. október 2024.
 - kr. **50.000**, - fyrir árið 2025, sbr. þó 10. gr., sem greiddar verða til sveitarfélagsins 15. desember sama ár, enda hafi sveitarfélagið skilað tilskildum gögnum í samræmi við 8. gr. samningsins, fyrir 15. október 2025.
- 5.4. Samningsfjárhæð tekur mið af því að framlag ríkisins í fjárlögum sé hið sama á hverju ári gildistíma samningsins og getur tekið breytingum ef fleiri sveitarfélög skila inn áætlunum og gera samning um refaveiðar við Umhverfisstofnun.

6. Grenjaskráning

- 6.1. Í samræmi við 1. mgr. 12. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, skal sveitarfélagið senda inn grenjaskrár til Umhverfisstofnunar á rafrænu formi.
- 6.2. Í grenjaskrá skulu koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

- a. nafn/númer grenis.
 - b. hvort greni sé í ábúð eða ekki.
 - c. Hnitsetning ef um nýtt greni er að ræða.
- 6.3. Upplýsingar um ábúð grenja skal uppfærð árlega.
- 6.4. Umhverfisstofnun lítur svo á að grenjaskrár séu undanþegnar upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 og mun því fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál. Upplýsingunum verður þó deilt með Náttúrufræðistofnun Íslands.

7. Sýni til Náttúrufræðistofnunar Íslands

- 7.1. Náttúrufræðistofnun Íslands getur kallað eftir sýnum frá sveitarfélaginu og refaveiðimönnum. Sveitarfélagið skal verða við beiðni stofnunarinnar um afhendingu sýna og fylgja leiðbeiningum um varðveislu og meðhöndlun þeirra.
- 7.2. Eftir atvikum skal sveitarfélagið hafa samstarf við Náttúrustofu síns landshluta um varðveislu og meðhöndlun sýna.

8. Gagnaskil

- 8.1. Fyrir 15. október ár hvert á samningstímabilinu skal sveitarfélagið skila Umhverfisstofnun eftirtöldum gögnum á rafrænu formi:
- a. Upplýsingum um fjöldi veiddra dýra flokkað í; grendýr, hlaupadýr og yrðlinga.
 - b. Upplýsingum um heildarkostnað vegna veiðanna.
 - c. Grenjaskrá sbr. 6. gr.
 - d. Afrit af reikningum með útlögðum kostnaði sveitarfélagsins á árinu, hengt við sem viðhengi.
 - e. Upplýsingum um tjón af völdum refa.
- 8.2. Skili sveitarfélagið ekki gögnum á tilskildum tíma áskilur Umhverfisstofnun sér rétt til að greiða ekki samningsfjárhæð þess árs sem gögnum er ekki skilað.

9. Ágreiningsmál

- 9.1. Rísi ágreiningu á milli aðila vegna samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa úr honum sín á milli. Takist það ekki er hvorum aðila um sig heimilt að reka mál vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

10. Endurskoðun og breytingar á samningi

- 10.1. Endurgreiðsluhlutfall sveitarfélagsins verður endurskoðað árlega með hliðsjón af endurgreiðslum fyrra árs og framlagi ríkisins á fjárlögum.
- 10.2. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða samninginn og breyta samningsfjárhæð og endurgreiðsluhlutfalli sveitarfélagsins komi til breytinga á framlagi ríkisins í fjárlögum, ef sveitarfélögum sem taka þátt í refaveiðum fjölgar eða ef áætlun sveitarfélagsins sbr. a. lið 1. mgr. 3. gr. breytist.

11. Undirritun og gildistími

- 3.1. Samningur þessi tekur til refaveiða sveitarfélagsins árin 2023, 2024 og 2025.
- 3.2. Samningurinn tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2025.
- 3.3. Undirritun fer fram rafrænt. Sveitarfélagið skal skrifa undir samninginn og senda skannað eintak til Umhverfisstofnunar og í kjölfarið sendir Umhverfisstofnun sveitarfélaginu fullundirritað eintak. Umhverfisstofnun varðveitir frumrit.

Áætlun um refaveiðar 2023-2025

Efnisyfirlit

1. Markmið og fyrirvari	3
2. Refastofninn og veiðiálag	5
3. Áætlanir sveitarfélaga	6

1. Markmið og fyrirvari

Umhverfisstofnun hefur unnið áætlun um refaveiðar sem byggir á „Áætlun til þriggja ára um refaveiðar 2020-2022“ og uppgjöri á þeirri áætlun.

Helstu niðurstöður uppgjors síðustu áætlunar eru eftirfarandi:

- Nokkuð vel tókst að koma út fjármagni til sveitarfélaganna og almenn sátt um fyrirkomulagið. Þó voru áætlanir hærrí en raunkostnaður.
- Árleg veiði var á bilinu 6.400 – 7.300 dýr.
- Samningar voru gerðir við 57 sveitarfélög og fengu um þau endurgreiðslu hluta af kostnaði vegna refaveiða yfir samningstímann.
- Samvinna milli sveitarfélaga um áætlanir um refaveiðar tókst ekki vel, einungis tvö sveitarfélög sameinuðust um áætlun.
- Upplýsingar um staðsetningu grenja eru almennt góðar, þó vantar upplýsingar um grenin séu í ábúð á hverju ári.
- Skráning á tjóni af völdum refs var lítil, engin skráning barst stofnuninni beint frá bændum en örfáar tilkynningar bárust vegna tjóns í æðarvarpi.
- Skil á dýrum vegna rannsókna til Náttúrufræðistofnunar Íslands voru nokkuð góð frá flestum svæðum ef undan eru skilin norðurland og vesturland.
- Hvorki liggur fyrir nýtt stofnstærðarmat né mat á ákjósanlegri verndarstöðu stofnsins í lok tímabilsins eins og stefnt var að.

Ný áætlun 2023 til 2025 byggir á nokkrum verkþáttum sem komu fram í síðustu áætlun og í samræmi við niðurstöður uppgjors síðustu áætlunar:

- **Markviss grenjaskráning sem gefur upplýsingar um ábúðarhlutfall, þéttleika og búsvæðaval.**
- **Auka áherslu á rétta skráningu veiðimanna eftir hlauparefum, grendýrum og yrðlingum.**
- **Kalla eftir sérstökum áherslusvæðum innan sveitarfélags (verndarsvæði sem mikilvægt er að verja t.d vegna fuglalífs með veiðum á ref).**
- **Efla áfram samstarf við NÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga og Bændasamtökin.**

Áfram verður lögð áhersla á að taka tillit til sanngirnissjónarmiða til að tryggja að íbúar í fámennum en landstórum sveitarfélögum greiði ekki stærstan hluta af þeim kostnaði sem varið er til refaveiða. Fámenn en landstór svæði gætu því fengið hlutfallslega hærrí kostnað endurgreiddan en stór sveitarfélög sem eru landlítil og/eða ágangur refa ekki vandamál.

Áætlunin er byggð á fyrirliggjandi gögnum en ljóst er að þrátt fyrir áherslur síðustu áætlunar vantar enn mikið upp á að nægjanlega góðar upplýsingar séu til um ástand refastofnsins og hvaða tjóni hann veldur. Forsenda þess að nægilegar upplýsingar fáiast um ástand og stærð refastofnsins er að veiðimenn skili greinargóðum veiðiskýrslum,

upplýsingum um grenjavinnslu og eintök af hræjum sem til falla vegna veiðanna og að viðkomandi sveitarfélög skili upplýsingum til Umhverfisstofnunar í framhaldinu.

Umhverfisstofnun telur fyrirliggjandi upplýsingar svo takmarkaðar, sérstaklega er varða tjón af völdum refa, að ekki sé unnt að leggja fram tillögur að tilhögun refaveiða og ráðstöfun fjármagns til lengri tíma en þriggja ára.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélög hvetji veiðimenn til að senda hræ af felldum dýrum til Náttúrufræðistofnunar Íslands til krufninga. Mikilvægt er að fá gott þversnið af stofninum og því óskar Náttúrufræðistofnun eftir því að fá send hræ af öllum svæðum og árstímum. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má nálgast á vefsíðu stofnunarinnar (<https://www.ni.is/greinar/medferd-og-innsending-hraeja>).

Fyrirvari við áætlunina: Umhverfisstofnun gerir þann fyrirvara við áætlun þess að um þessar mundir er endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum í gangi. Þann 9. desember 2019 voru áform um frumvarp til laga um breytingar á lögunum lögð fram í Samráðsgátt stjórnvald. Fyrir liggur að við endurskoðunina verður höfð hliðsjón af þróun í málaflokknum undanfarna áratugi og viðamikilli skýrslu og niðurstöðum nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra sem skipuð var af fyrrum umhverfis- og auðlindaráðherra. Í skýrslunni er m.a. bent á ýmis atriði sem betur mega fara í löggjöf varðandi vernd, friðun og veiðar á villtum spendýrum og fuglum.

Hvað refaveiðar varðar þá komst nefndin m.a. að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að bæta heildarskipulag refaveiða á landsvísu og þörf á því að skilgreina og meta betur tjónið sem veiðunum er ætlað að koma í veg fyrir. Í þessu samhengi benti nefndin á að þar sem refir er upprunalegt rándýr þurfi að gera skýran greinarmun á náttúrulegum ferlum og raunverulegu tjóni. Þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu að greina þurfi á hvaða hátt veiðarnar séu líklegastar til að minnka raunverulegt tjón og hafa síðan fyrirkomulagi veiða eftir slíkri skilgreiningu.

Að framansögðu gerir Umhverfisstofnun þann fyrirvarar við áætlun þess að forsendur og fyrirkomulag refaveiða gætu tekið breytingum á tímabilinu.

2. Refastofninn og veiðialag

Refastofninn hefur líklega meira en tífaldast á síðustu 30 árum, eftir að hafa verið í sögulegri lægð. Þetta má að öllum líkindum rekja til bættra lífsskilyrða svo sem vegna aukins fæðuframboðs, en t.d. hefur fýl og heiðargæs fjölgað mikið á sama tímabili. (Mitchell & Arnór Sigfússon 1999; Páll Hersteinsson 2010, 2011). Meðalveiði síðustu ára sýnir að veiðdir eru um 7.500 refir árlega. Fram til ársins 2010 var refastofninn í vexti og óx hratt eftir 1997. Stærð stofnsins hefur nú verið metinn 7.000 dýr (4.000 - 10.000), en árið 2009 var stofninn metinn um 11.000 dýr.

Unnið verði eftir eftirfarandi meginsjónarmiðum hvað varðar veiðar á ref:

1. Unnin verði stjórnunar- og verndaráætlun fyrir ref á tímabilinu með aðkomu helstu hagsmunaaðila

3. Áætlanir sveitarfélaga

Nú eru milli 50 og 60 sveitarfélög sem eru að sinna refaveiðum. Framkvæmdin er á mismunandi vegu. Upplýsingar eru til um heildarveiði á ref aftur til ársins 1957. Árleg veiði var í upphafi nálægt 2.500 refum, síðan dró úr veiðinni fram til ársins 1974. Frá þeim tíma jukust veiðarnar jafnt og þétt allt fram til ársins 2013. Sveitarfélög eru mjög mismunandi að stærð og mögulega þjónar það hagsmunum allra ef þau sameinast um framkvæmd refaveiða þar sem það á við. Meðaltalsveiði árána 2006 – 2010 var 6.055 refir en veiðitölur á tímabilinu sýna að veiddir eru um 7.500 refir á ári. Umhverfisstofnun leggur áfram til að landinu sé skipt upp í níu svæði í eftir landshlutum. Svæðin eru ekki valin m.t.t. vistfræði refsins heldur ber fyrst og fremst að líta á þau sem einingu til að auðvelda stjórnun veiðanna og samantekt gagna. Ekkert er því til fyrirstöðu að sveitarfélög vinni saman þvert á svæði.

Endurgreiðsla ríkisins á hluta kostnaðar við refaveiðar til sveitarfélaga byggir á því að gerður verði samningur til þriggja ára í senn sem byggir á áætlun sveitarfélaga um að lágmarka það tjón til lengri tíma litið sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélaga. Í áætlun sveitarfélags eða sameiginlegri áætlun sveitarfélaga, þegar um samvinnu þeirra er að ræða, þarf meðal annars að koma fram hvernig áætlunin samrýmist heildaráætlun um refaveiðar, hver þörfin fyrir veiðar sé, hvaða aðilar verða fyrir fjárhagslegu tjóni, hvaða tjón er verið að lágmarka og hvernig best er að haga veiðunum til að lágmarka tilkostnað.

Sveitarfélög geta tekið höndum saman um gerð þessara áætlana þannig að aðgerðir á viðkomandi svæði verða samræmdar. Þannig geta fleiri en eitt sveitarfélag verið aðilar að einum samningi og hvetur Umhverfisstofnun sveitarfélög til þess þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt fyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sendi inn áætlun til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 15. apríl 2023. Samningar milli sveitarfélags/félaga og Umhverfisstofnunar munu byggja á þessum áætlunum. Umhverfisstofnun hefur einn mánuð til að fara yfir framkomnar áætlanir og leggja fram samningsdrög til þriggja ára fyrir sveitarfélögin í samræmi við þá fjármuni sem eru fyrirbyggjandi í verkið. Stofnunin áætlar að lokið verði við undirritun samninga fyrir 20. júlí 2023. Samningar verða gerðir til þriggja ára. Sveitarfélög fá síðan greitt í lok hvers árs í samræmi við samþykktan samning eftir að tilskildum gögnum hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar. Þannig verður aukinn fyrirsjáanleiki fyrir sveitarfélög um hversu mikilla fjármuna þau geta vænst frá ríkinu á tímabilinu 2023 -2025. Stofnunin telur mikilvægt að hafa endurskoðunarákvæði í samningunum.

Umhverfisstofnun er heimilt að nýta þetta fjármagn til að greiða sveitarfélögunum allt að þriðjung af þeirra kostnaði við veiðarnar, en þó innan fjárlagaheimilda. Með því að gera áætlun til þriggja ára og samninga sem byggja á þeim er hægt að sjá hver kostnaður sveitarfélags verður og hver endurgreiðslan verður áður en hafist er handa við veiðarnar. Það er hugmyndin að hætta að greiða eingöngu fyrir unnin dýr heldur verður

greitt samkvæmt þeirri áætlun sem sveitarfélagið leggur upp með og samkomulag hefur náðst um.

Sveitarstjórnir skulu fyrir 15. október ár hvert senda Umhverfisstofnun afrit af reikningum og samantektarblað sambærilegu því og hefur verið notað til þessa. Umhverfisstofnun fer yfir reikninga og samantektarblað og ber saman við upplýsingar úr gagnagrunni. Umhverfisstofnun greiðir allt að þriðjung kostnaðar sem sveitarfélag hefur lagt í veiðarnar eftir uppgjöri þó ekki fyrir hærri upphæð en var í áætlun og samningi.